

## REGLUR

### um form og efni lýsinga á samningum fjármálafyrirtækja um fjárstuðning innan samstæðu.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki þegar það gerir samning um fjárstuðning innan samstæðu, sbr. 109. gr. a – 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

#### 2. gr.

##### *Form og efni opinberrar birtingar upplýsinga um fjárstuðning innan samstæðu.*

Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, skal fjármálafyrirtæki birta opinberlega upplýsingar um samning um fjárstuðning innan samstæðu.

Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/911 frá 9. júní 2016 þar sem kveðið er á um form og efni upplýsinga sem fjármálafyrirtæki skal birta opinberlega um samning um fjárstuðning innan samstæðu, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/911 frá 9. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2019 frá 8. febrúar 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 23. apríl 2020, bls. 703-705.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað.

*Seðlabanki Íslands, 23. mars 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júnísdóttir,**  
frkvstj. skrifstofu bankastjóra.